



ÁFRAM VEGINN

XXVII. LANDSPING SAMBANDSINS

Samandregnar niðurstöður umræðuhópa til frekari umfjöllunar og úrvinnslu

Landsþingsfulltrúum var skipað niður í 10–12 manna hópa á 19 borðum sem ræddu umfjöllunarefni landsþingsins í þremur hlutum. Á hverju borði var umræðustjóri, sem sá um að taka saman niðurstöður, í sumum tilfellum með aðstoð starfsmanna sambandsins. Markmiðið var að virkja sem flesta landsþingsfulltrúa og fá fram sjónarmið, hugmyndir og tillögur sem nýtast í áframhaldandi vinnu sambandsins og sveitarfélaganna.

Umræðuniðurstöður XXVII. landsþings sambandsins

© Samband íslenskra sveitarfélaga 2013/10

Borgartúni 30

Pósthólf 8100

128 Reykjavík

Samantekt: Valur Rafn Halldórsson og Anna Guðrún Björnsdóttir.

Umsjón: Magnús Karel Hannesson.

Hluti 1 – Hvað er í deigluinni?

Skólamál

Almennur samhljómur var í umræðum á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga um að breytinga sé þörf hvað varðar áhrif kjarasamninga á skipulag skólastarfs. Nauðsynlegt er að skapa meiri sveigjanleika innan skólakerfisins til að geta nýtt það fjármagn, sem fer í skólamál, betur til hagsbóta fyrir nemendur. En það þarf að vera grunnhljómurinn í þessum breytingum. Kjarasamningar kennara eru nefnilega hamlandi og standa oft í vegi fyrir framþróun skólastarfs.

Margar hugmyndir komu fram um hvernig má fara að því að breyta kjarasamningunum:

- Snúa þarf umræðunni, tala um breytingar í þágu nemenda í stað þess að einblína eingöngu á hagkvæmni og sparnað. Sambandið þarf að stíga betur fram og taka þátt í umræðunni, mögulega með aðstoð almannatengslaráðgjafa.
- Fá foreldra sem bandamenn. Því breytingar á kjarasamningum eru til hagsbóta fyrir nemendur og þannig má fá kennarastéttina til starfa með sambandinu.
- Ein leið er að koma upp tvöföldu kerfi. Sett verði sólarlagsákvæði í núverandi kjarasamninga en nýir kennarar og þeir kennarar sem það vilja verði ráðnir inn á nútímalegan og sveigjanlegan samning.
- Bókun 5.
- Fá ríki í samstarf varðandi kjarasamningana.
- Að sveitarfélög fái tækifæri til að semja sjálf við kennara.
- Kynna kjarasamninga kennara betur fyrir sveitarstjórnarmönnum svo þeir geti farið að tjá sig út á við um samningana.

Samninganefnd sveitarfélaga hefur stuðning sveitarstjórna til þess að fylgja eftir kröfum um breyttan kjarasamning sem styður betur við skólastarfið. Í því skyni er afar þýðingarmikið að auka verkstjórnarvald skólastjóra. Breyta verður og einfalda vinnutímaskilgreiningu kjarasamnings grunnskólakennara og hækka laun þeirra. Ekki á að lækka kennsluskyldu, slík ráðstöfun kallar á fjölgun kennara – en eru til fjármunir til þess að fjölga bæði starfsfólki og hækka laun þess?

Kjarasamningar kennara eru eina málefnið sem rætt var um í öllum umræðuhópunum. Fleira var þó rætt og hér að neðan koma nokkrir áhugaverðir punktar frá umræðuborðunum:

- Er endilega betra að vera með fjölmennan skóla?
- Sveitarstjórnarmenn þurfa að setja sig betur inn í skólamálin.
- Mikilvægt að skoða af hverju 25% nemenda þurfa aðstoð.
 - Getur verið að vandamálið tengist börnum sem eru fædd seinni hluta árs? Ætti að skipta börnum eftir einhverju öðru en fæðingarári?
- Endurmenntun kennara er ekki nægilega markviss.
- Virkja yngri kennara þannig að sjónarmið þeirra heyrir.
- Nýta öll þau tækifæri sem felast í aðalnámskránni.
- Þarf að fjölga kennurum?
 - Þarf að fjölga karlkyns kennurum?
- Myndu hærri laun leiða til meiri fagmennsku og gæða í skólastarfi?

- Styðja þarf vel við skólastjórnendur t.d. varðandi ráðningar.
- Meiri menntunarkröfur til stjórnenda. Hugsanlega viðskiptamenntun en ekki fagmenntun.
- Skólastefnur sveitarfélaga eru ekki að nýtast eins og skyldi.
- Vinna í því að stytta skólagönguna, ljúka skóla 18-19 ára en ekki 20 ára.
- Samnýta kennara milli sveitarfélaga.
- Auka möguleika á fjarkennslu í menntaskólum.
- Matskerfi fyrir nemendur (líkt og fyrir fatlaða og aldraða) er ekki aðlaðandi.
- Sameinuð sveitarfélög þurfa ráðgjöf í skólamálum.
- Skilja verður á milli faglegrar umræðu og kjaraumræðu.
- Alþingi setur lög og ráðuneyti reglur og aðalnámskrár en það fylgir ekkert fjármagn sem er miður.
- Færa framhaldsskólann til sveitarfélaganna. Þar geta verið mikil tækifæri t.d. í samnýtingu starfsfólks.

Rafræn stjórnsýsla

- Tryggja þarf að allir íbúar hafi aðgang að almennilegri nettengingu áður en við förum að færa allt yfir í rafræna stjórnsýslu.
- Skortir þekkingu á málaflokknum.
- Sveitarfélögin eru aftarlega á merinni.
- Breyta þarf þessu með betri upplýsingagjöf og með því að auka þekkingu sveitastjórnarmanna á málaflokknum, t.d. með fræðslu og kynningu á þeim möguleikum sem rafræn stjórnsýsla felur í sér.
- Sveitarfélög skortir fjármagn til að ráðast í að framkvæma rafræna stjórnsýslu.
- Þetta er dýrt í framkvæmd og dýrt að koma þessu af stað.
- Þarf að skapa sameiginlegan vettvang sveitarfélaga þannig að allir séu ekki að finna upp hjólið. Það er leiðin til að koma þessu á legg.
- Getur Samband íslenskra sveitarfélaga komið af stað einhverskonar fræðslu um þennan málaflokk?
- Hvað varðar fræðslumál til sveitastjórnarmanna má huga að því hvort ekki sé hægt að koma á í tengslum við landsþing og fjármálaráðstefnu og fleiri viðburði, sem sambandið skipuleggur, fræðslu um ýmsa málaflokka, t.d. daginn fyrir fundina. Sérfræðingar sambandsins fá þar tækifæri til að miðla.

Annað

- Málefni fatlaðra: Óþolandi að þetta sé fært yfir og síðan er kröfum breytt og fjármagn fylgir ekki.
- NPA er of dýrt, þarf að skoða betur.
- Ríkið verður að gefa sveitarfélögunum meira svigrúm. Meira frelsi og ráðstöfunarvald heim í hérað.
- Ánægja með aukið íbúalýðræði en það vantar reglugerðina.
- Bæta þarf löggæslu úti á landi.
- Mikið hefur verið safnað af lykiltölum en ekki verið unnið nægilega með þær, sérstaklega eftir hrunið enda hafa sveitarfélögin haldið að sér höndum og skorið niður á mörgum

sviðum. Lykiltölur hafa ekki nýst nægilega vel úti í samfélaginu, það er hjá íbúunum. Fundarmenn voru þó sammála um mikilvægi þess að safna þessum lykiltölum eins og sambandið hefur gert og t.d. er Árbókin mjög mikilvæg fyrir sveitarstjórnarmenn til samanburðarnotkunar. Einnig var Skólavogin nefnd í þessu samhengi. Gagnrýni kom þó fram um að hún væri ekki „rauntímatengd“. Þ.e. að sameiginlegur grunnur væri til góða. Menn voru sammála um að sama á við hér og í DK að „of mikið af tölum og of fáar ályktanir“.

- Lexía vegna yfirfærslu grunnskólans að kerfið var of niðurnjörvað. Ríkið býr til rammann og staðlana. Sveitarfélögin þurfa að koma fyrir að því að skilgreina ramma, þjónustustaðla. Spurning hvort leyfa eigi meiri tíma til undirbúnings þessara þátta áður en næsti verkefnaflutningur eigi sér stað. En líka áréttað að það séu mörg tækifæri í flutningi verkefna til sveitarfélaga.
- Sérfræðingavaldið: hvernig er hægt að styrkja stöðu kjörinna fulltrúa gagnvart sérfræðingunum og hagsmunasamtökum? Vandamál að kjörnir fulltrúar taka sér ekki stöðu sem ákvörðunartökuaðilar. Er meiri samvinna sveitarfélaga svarið?

Hluti 2 - Svæðasamvinna sveitarfélaga – þriðja stjórnsýslustigið?

Í örstuttu máli

Umræður leiddu í ljós að hugmyndir um þriðja stjórnsýslustigið hafa lítinn hljómgrunn eins og hefur svo sem komið fram áður. Umræður að öðru leyti oft mótsagnakenndar. Almenna skoðunin virðist þó vera sú að sveitarfélögin eigi sjálf að stýra þróuninni og hafa sem mest svigrúm. Það er viðurkennt að það séu ágallar á núverandi samstarfsformi og litlu sveitarfélögin séu þröskuldur fyrir framþróun en það er lítil vilji til þess að fara í skjótvirkar almennar aðgerðir til að leysa þessa ágalla, hvorki lagasetningu um sameiningar eða samvinnu sveitarfélaga. Almenna niðurstaðan virðist því vera sú að sveitarfélögin þurfi að vinna sjálf að því að leysa þá lýðræðis- og stjórnunarágalla sem eru á núverandi samstarfsformi og leita leiða til að stuðla að því að minnstu sveitarfélögin sameinist stærri sveitarfélögum.

Þörf á stefnumörkun og lagasetningu

Á nærri öllum borðunum kom fram að þörf sé á stefnumörkun og jafnframt að sveitarfélögin eigi sjálf að stýra þeirri stefnumörkun á vettvangi þeirra sjálfra og sambandsins. Litlar undirtektir við hugmynd um lögskylda samvinnu. Áhugavert að velta fyrir sér hvernig svör hefðu orðið ef spurt hefði verið hvort þörf sé á að lögfesta sóknaráætlunarverkefnið?

Nokkur borð voru á því að þörf sé á löggjöf til að styrkja stöðu landshlutasamtakanna og bæta úr lýðræðishalla. Í því sambandi var bent á veika stöðu landshlutasamtakanna til að hafa umsjón með almenningsamgöngum, sbr. þá stöðu sem hefur komið upp vegna fólksflutninga frá Leifsstöð. Fleiri tilgreindu að þörf sé á stjórnunar- og lýðræðisumbótum á starfsemi landshlutasamtakanna og byggðasamlaga án þess að vera sammála um lagasetningu. Á nokkrum borðum var talið fýsilegra að sveitarfélögin annist sjálf verkefni fremur en landshlutasamtökin án þess að skýrt væri hvernig það eigi að gerast. Eitt borð nefndi A og B sveitarfélög sem valkost sem skoða ætti líka.

Fram kom á nokkrum borðum að verkefni hafi verið færð yfir til sveitarfélaga án þess að málin hafi verið skoðuð nægilega vel og án þess að það hafi verið haft nægilegt samráð við sveitarfélög. Þrjú borð töldu að fara ætti hægt í frekari verkefnaflutninga til sveitarfélaga.

Umræður á þremur borðum um að styrkja þurfi stöðu kjörinna fulltrúa til að fást við þyngri og flóknari verkefni með auknum verkefnaflutningum og samstarfsverkefnum.

Sameiningar sveitarfélaga

Þótt flestir virðist sammála um að minnstu sveitarfélögin eigi sér ekki framtíð þá eru skiptar skoðanir um hvort flýta eigi óhjákvæmilegri þróun. Aðeins á einu borði kom fram afgerandi stuðningur við róttækar sameiningar í stað samstarfsverkefna og á þremur borðum var ljáð máls

á lögbvinguðum sameiningum. Á einu borði kom fram að það geti komið til greina að setja ákveðin viðmið fram í tímann þannig að sveitarfélög fái rúman tíma til að undirbúa sameiningar. Á því borði var þeirri skoðun einnig lýst að sveitarfélög þurfi að vera það stór að þau geti sjálf rekið sinn skóla. Eitt borð kvartaði yfir skorti á langtímastefnumótun af hálfu ríkisins þar sem á 4 ára fresti og jafnvel innan kjörtímabils sé breytt um stefnu. Sveitarfélögin þurfi að geta unnið innan langtímaramma ríkisins. Það sjónarmið kom fram á fjórum borðum að það þurfi hvata til sameininga og á þremur borðum komu fram sjónarmið um að áframhaldandi yfirfærsla verkefna muni sjálfkrafa leiða til þess að minnstu sveitarfélögin muni leita eftir sameiningum.

Þriðja stjórnsýslustigið

Lítill sem enginn stuðningur við slíka hugmynd.

Afmörkun svæða

Ekki virðist vera áhugi á að breyta núgildandi umdæmum, þó viðurkennt sé að þörf sé á samræmingu en áhersla á að sveitarfélögin hafi forræði á öllum breytingum. Eitt borð tilgreindi að heilbrigðisumdæmin gætu verið fyrirmynd. Á þremur borðum komu fram sjónarmið um að fjölga jafnvel landshlutunum.

Hluti 3 – Lærdómur í lok kjörtímabils – leiðarljós á nýju kjörtímabili

Lærdómur í lok kjörtímabils

Á kjörtímabilinu virðist pólitíkin hafa þroskast, á flestum stöðum er meiri samvinna milli allra flokka í sveitarstjórnnum, hvort sem um er að ræða flokka í meirihluta eða minnihluta. Unnið er saman að stórum málum eins og fjárhagsáætlanagerð. Flestir telja að vitundarvakning hafi átt sér stað varðandi það hversu hættulegt það er að reka sveitarfélög á ystu nöf og eru sammála um nauðsyn ramma og fjármálareglna fyrir sveitarfélög. Það veitir aðhald og ákveðin viðmið. Flestir umræðuhóparnir nefndu að ný sveitarstjórnarlög og fjármálareglur væru til bóta, þó svo að einhverjir hafi bent á vankanta sem þurfi að laga.

Rætt um samskipti ríkis og sveitarfélaga – það dugar ekki að sveitarfélögin ein vinni eftir fjármálareglum því þessi tvö stjórnsýslustig verða að vinna að sama marki og betri hagstjórn – það þarf að formgera samskiptin betur. Nefnt var að samskipti við ríkið einkennist of mikið af einhliða umræðu, frá ríki og niður til sveitarfélaga en að bæta þurfi úr því. Nefndu nokkrir að það ætti að vera eitt mikilvægasta verkefni sambandsins á næstu árum.

Verkefnaflutningur frá ríki til sveitarfélaga hefur almennt tekist vel. Ekki eru þó allar upplýsingar uppi á borðinu og því þarf að fá fjármálastjóra sveitarfélaga að þessum verkefnum. Töldu sumir að ekki ætti að fara í frekari tilflutning málaflokka fyrr en búið er að ganga frá fyrri yfirfærslum.

Sveitarfélögin eru vel til þess fallin að taka við fleiri verkefnum frá ríkinu en nauðsynlegt er að klára málefni fatlaðra til að geta lært af reynslunni. Einnig er mikilvægt að fá starfsfólk sveitarfélaga meira að undirbúningi vegna yfirfærslu á þjónustu við aldraða og huga þarf að því að nægilegt fjármagn fylgi málaflokkum. Í tengslum við það er nauðsynlegt að tilgreina þjónustuna áður og sjá hver kostnaðurinn er að því loknu er hægt að færa málaflokkinn yfir.

Fleira áhugavert var nefnt eins og:

- Nefnt var að umsagnarfrestur ríkisins við hin ýmsu mál sé oft of stuttur.
- Jafnvægisreglan er erfið í framkvæmd þegar tekið er tillit til áhrifa gengisþróunar og verðbólgu. Frekar á að vinna með veltufé frá rekstri. Einkennilegt sé að ákv. skuldir séu teknar út fyrir sviga. Það þarf líka að greiða þær.
- Almennur samhljómur var um að lítill áhugi væri á íbúáþingum. Þeir sem helst mæta á slíka fundi skv. reynslu einstakra sveitarstjórnarmanna eru kennarar og leikskólakennarar. Hinn almenni borgari mætir ekki. Samráð við íbúana hefur minnkað þar sem áhugi er lítill. Sveitarstjórnir sjá ekki ástæðu til að boða til funda þegar enginn/mjög fáir mæta. Samræduferlið hefur sums staðar færst inn á facebook. Margir opna ekki lengur tölvupóst.
- Skólavogin, mjög jákvætt verkfæri og flott verkefni.
- Fram komu nokkuð mismunandi áherslur um framkvæmd lýðræðis við forgangsörðun við stefnumótun og þá með hliðsjón af fjárhagsþáttum. Ástæða gæti verið til að taka til skoðunar lýðræðiskafla sveitarstjórnarlaganna.
- Hópurinn var sammála um að sambandið ætti að lýsa yfir andúð á framkomu ríkisstjórnarinnar í tengslum við Liðsstyrk.

- Fundarmenn telja að skilgreina þurfi betur hlutverk sveitarfélaga.
- Upp kom umræða um áhugaleysi sveitarstjórnarmanna á svæðisskipulagi.
- Okkur hefur miðað áfram þrátt fyrir erfitt árferði, sbr. almenningssamgöngur og flutning á málefnum fatlaðra, leiðréttingu á húsnæðisbótum og sóknaráætlunarverkefnið
- Tryggja þarf samstarf sveitarfélaga í gegnum landshlutasamtök.
- Spurning hvort það eigi að lögskylda sveitarfélög til að vera aðili að landshlutasamtökum.

Sambandið

Margir jákvæðir punktar komu fram á landsþinginu um sambandið:

- Sambandið fékk hrós fyrir þjónustu sína. Einn hópur tók fram að fundarform landsþingsins væri mjög gott, enda kynntust menn fleirum en ella. Þá var það einnig rætt að með þessu formi fengju menn betri innsýn í stöðu annarra sveitarfélaga og skiptust einnig á skoðunum um hvað er að ganga vel og hvað illa í heimabyggð.
- Mjög jákvætt að opna fyrir fundargögn sambandsins.
- Sambandið stendur sig almennt mjög vel við að aðstoða sveitarfélögin.
- Rafræna fréttabréfið „Tíðindi“ er mjög flott. „Flottasta blaðið á vefnum!!“
- Sambandið hefur reynst sveitarfélögum vel.
- Mikil ánægja er með störf sambandsins og þá þjónustu sem sveitarfélögin fá þar.
- Í lokin var aðeins rætt um þjónustu sambandsins, sem þótti almennt góð og gott að leita til starfsfólks þess.
- Mjög gott samstarf við sambandið, mjög góðir starfsmenn og ánægja með þetta allt saman.
- Fyrst ber að nefna mjög mikla ánægju fundarmanna með þjónustu sambandsins, var þetta ítrekað rætt og velvilja starfsfólks verður seint þakkað. En ÞÚSUND ÞAKKIR!
- Sambandið nokkuð á réttri leið. Stjórn sambandsins vinnur alveg samkvæmt því sem er ákveðið á landsþingum.
- Sambandið er að gera marga góða hluti. Góð upplýsingagjöf og t.d. mjög gott að vera skráður á póstlista. Dásamlegar skýrslur hjá þeim eins og skólaskýrslan og Árbókin. Fulltrúar sambandsins eru líka duglegir að mæta á landshluta fundi. Mjög duglegir á lögfræðisviðinu. Greinilega mikið álag þar. Landshlutasamtökin eru farin að nýta sér þjónustu lögfræðisviðsins þar sem þjónustan þar er það góð.
- Þjónusta sambandsins er góð, reyndar frábær þjónusta.
- Viðmót gott þegar haft er samband símleiðis og allir reyna að greiða götu fyrirspyrjanda.
- Einstök þekking sem er til hjá sambandinu. Mikilvægt aðgengi fyrir sveitarfélög og staðreyndin er að það á við um stór jafnt sem smá sveitarfélög að eflast við að sækja í þennan viskubrunn.

Hvað má bæta:

- Þegar sambandið á aðild að stuttum fundum væri gott að halda þá þar sem aðgangur er að netinu þannig að hægt sé að senda þá út.
- Nefnt var að afgreiðsla erinda sem varði starfsmat taki alltof langan tíma.
- Auka þarf þekkingu almennings á hlutverki og störfum sveitarstjórna. Þar getur sambandið átt frumkvæði.
- Leggja þarf áherslu á góð samskipti sveitarstjórna, sambandsins og ríkisins. Gagnkvæmur skilningur.
- Málefni fatlaðra: miklar kröfur. Öll þjónusta sambandsins vel þegin, mætti auka hana. Meiri ráðgjöf og stuðningur.

- Mjög mikilvægt er að deila „best practice“ og eru fundir sem þessi og fyrirkomulag hans gott til þess. Einnig mætti hugsa sér að sambandið dreifði þessu og voru Tíðindin rædd í því samhengi.
- Ekki setja lög og reglugerðir eftir á, þar sem svo oft gleymist að taka tillit til kostnaðar. Það er ósk manna að sambandið sé mun ákveðnara í samskiptum við ríkisvaldið.
- Varðandi verkefnaflutning frá ríkinu þá má sambandið ekki gefa eftir okkar stefnu.
- Ekki ásættanlegt að sambandið fái ekki nægilegan tíma til að senda inn umsagnir um frumvörp.
- Kjarasviðið, vantar stundum andsvar frá kjarasviði til sveitarstjórnarmanna, t.d. þegar kennarasambandið er að gagnrýna sambandið í fjölmiðlum. Mikilvægt að sveitastjórnarmenn séu upplýstir strax um hlið sambandsins í málinu.
- Sambandið er ekki að standa sig sem þrýstihópur eins og til dæmis Íþróttafélög í heimabyggð.
- Fronturinn á sambandinu er lokaður. Andrúmsloftið þvingandi þegar komið er inn. Kannski er þetta uppbyggingu móttökunnar að kenna, hliðið lokað o.s.frv.
- Eru menn boðnir velkomnir? Skoða þarf hvort svo sé svo gestir upplifi ekki þetta andrúmsloft.
- Vinnurýmið er opið, og manni finnst maður vera að trufla, þarf að tipla á tánum.
- Í boði að nota aðstöðu þegar svo ber undir. Fær þá gjarnan vinnurými en kaffistofa sem ætti að vera svona líflægur staður er ekki opin, en það er einmitt staðurinn sem oft býður gesti velkomna á vinnustöðum. Kaffistofan er frekar lokað rými. Kannski þarf hurðin að fara til að skapa þægilegt andrúmsloft.
- Kallað eftir skýrari afstöðu þegar kemur að fyrirspurnum er lúta að lögfræðilegum álitaefnum.
- Mikilvægt að hafa námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn og nefndarfolk reglulega. Ekki nóg að hafa þau bara í upphafi kjörtímabils, á takmörkuðum fundum, heldur þarf að bjóða þetta reglulega.
- Mikilvægt að leiða saman reynda sveitarstjórnarmenn á námskeiðum og nýja. Þeir gömlu ættu ekki að komast undan með að mæta á slík námskeið á þeirri forsendu að þeir kunni þetta allt saman. Það gerast nýir hlutir og þeir gömlu verða að taka þátt í að kynna sér nýjungar. Sambandið er aðili til að hafa frumkvæði hvað þetta varðar.
- Vantar mjög (vegna mikilvægis málaflokksins og sífellt flóknari viðfangsefna) að styrkja ráðgjöf vegna mannauðsmála. Gott að leita til starfsmanna vegna mannauðsmála núna en mikilvægt að styrkja þá þekkingu hjá sambandinu. Er t.d. mögulegt að núverandi starfsmenn fái sérstaka þjálfun varðandi mannauðsmál ef ekki er planið að ráða mannauðssérfræðing/a?
- Í tengslum við samkomur sambandsins, s.s. landsþing, fjármálaráðstefnu, skólaþing, mætti bjóða upp á fræðslufundi fyrir sveitarstjórnarmenn. Þetta mætti t.d. gera daginn áður þar sem menn eru oft komnir í bæinn. Starfsmenn sambandsins geta dælt út vitneskju af viskubrunnum sínum í ólíkum málaflokkum og sveitarstjórnarmenn skráð sig inn.
- Þá er mikilvægt að sambandið hafi frumkvæði af því að skapa vettvang til að þeir sem starfa á sama sviði sveitarstjórnamála og innan ákveðinna málaflokka geti deilt þekkingu og reynslu við slík tækifæri.
- Sambandið má skoða hvernig farið er með kjör sveitarstjórnarmanna og mikilvægt að það beiti sér í þeim efnum.
- Ekki drepa Guðjón lögfræðing!